

Athugasemd frá Valgerði Hafðísi Jensen

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : vjhjensen@gmail.com
Heiti : Athugasemd frá Valgerði Hafðísi Jensen
Málsnúmer : 1211376
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 25.04.2018 20:59:30
Höfundur : vjhjensen@gmail.com

Athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi vegna Ásvallabrautar.

Við undirrituð íbúar í Brekkuás 12 Hafnarfirði mótmælum harðlega lagningu Ásvallabrautar í það vegstæði sem nú liggur fyrir í nýju deiliskipulagi og gerum ýmsar athugasemdir við þær tillögur og þau rök sem sett hafa verið fram í kynningu á tillögnum .

Við teljum að framkvæmdin sé skammsýn og rýri til muna verðgildi fasteigna í Áslandi 3 ásamt því að rýra loftgæði og hljóðvist í hverfi sem státar af því að vera í jaðri fallegrar náttúru. Hverfið hefur alla burði til að skapa Hafnarfjarðarbæ umtalsverðar tekjur í framtíðinni sem vistvænt og náttúruvænt hverfi sem er fjarri stórum umferðaræðum og stofnbrautum. Í framtíðar deiliskipulagi sést að hverfið mun byggjast upp í suðurátt í átt að Hvaleyrvatni. Með lagningu Ásvallabrautar í núverandi vegstæði verður þung stofnbraut í gegnum mitt hverfið og rýrir þar með verðgildi lóðanna og dregur úr eftirspurn þeirra. Önnur sveitarfélög hafa unnið að því að hanna stofnbrautir og stærri vegi í jaðri hverfa en ekki klúfa þau í sundur.

Hesthúsin í Hlíðarþúfum virðast hafa töluverð áhrif á legu Ásvallabrautar og hversu nálægt byggðinni hún er fyrirhuguð og hversu langt sunnan við hesthúsin hún þarf að fara samkvæmt tillögum ykkar og því vil ég spyrja Hafnarfjarðarbæ

1. Hversu lengi sjáið þið fyrir ykkur að hesthúsin verði í Hlíðarþúfum eða verði færð á Sörlastaði ?
2. Hvers vegna sáum við ekki tillögu sem sýndi brautina sunnan við hesthúsin en nær þeim þar sem mun minni halli er í landinu ?

Í ábatagreiningu sem bærinn lét gera til að réttlæta framkvæmdina kom fram að mikill ávinningur virðist vera af brautinni og arðsemi og þá sérstaklega ef ofanbyggðavegar nyti ekki við og því vil ég spyrja að eftirfarandi

1. Er Ásvallabrautin hugsuð til að minnka álag á Reykjanesbraut í framtíðinni og stýra flæði umferðar í auknu mæli gegnum Skarðshlíð og Ásland 3 ?
2. Hvaða ábati er fyrir okkur í Áslandi 3 ef þetta eykur umferðarpunga og biðtíma út úr okkar hverfi og rýrir ýmsa aðra þætti eins og aðgengi að útivist , mengun , hljóðvist og fasteignaverð ?
3. Var reiknað með nýjum gatnamótum við Reykjanesbraut í skýrslunni um arðsemina ?

Með einfaldri tímamælingu og upplýsingum úr skýrslunni um ferðatíðni komst ég að því að íbúi í Skarðshlíð sparar sér á einu ári 9500 hringtorg og 52 klst með því að nota nýju leiðina og nýju gatnamótin í stað þeirrar gömlu. Það er alvöru sparnaður án Ásvallabrautar , hvernig ætlið þið að reikna út okkar arðsemi ?

Eins og fyrr segir þá mótmælum við þessu deiluskipulagi og óskum eftir því að bærinn taki þessa framkvæmd af dagskrá og skipuleggi skynsamlega legu hennar í takt við framtíðar íbúðahverfi og endanlega ákvörðun annarra sveitarfélaga um lausn á umferðarvandinum og staðsetningu umferðarmannvirkja.

Með fyrirfram þökk

Valgerður H Jensen og Hákon V Uzureau